

L Ö G

um breyting á lögum nr. 1 31. jan. 1966, um leigubifreiðar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. málsg. 1. gr. laganna orðist þannig:

Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum hlut-
aðeigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, að tak-
marka fjölda leigubifreiða í kaupstöðum og þeim kaптúnunum, þar sem íbúar eru
700 eða fleiri, hvort heldur er fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja.
Sama gildir um fólksbifreiðar í þeim kaптúnunum, sem ásamt aðliggjandi hreppum
hafa 700 íbúa eða fleiri, enda komi til meðmæli hreppsnefnda í þeim sveitarfélögum,
sem félagssvæðið nær til. Heimilt er hreppsnefndum að ákveða, að allar leigubif-
reiðar til fólksflutninga hafi afgreiðslu á bifreiðastöð, sem rekin er af stéttarfélagi
fólksbifreiðarstjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð
starfsmanna ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bæjar-, sýslu-
og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa, svo og
starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, enda fullnægi þeir skilyrðum
þeim, er greinir í 3. gr. I. a., um ráðningartíma og aðalstarf.

2. gr.

Á eftir 5. málslíð 1. málsgreinar 17. gr. komi:

Hafi hann verið sjóðfélagi í 15 ár eða lengur í þjónustu ríkisins eða sjálfseignarstofnunar, sem fengið hefur aðild að sjóðnum, miðast elli- og makalífeyrir þó við launin eins og þau eru, þegar lífeyrisgreiðslur byrja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

85.15.10 orðist svo:

Sjónvarpsviðtæki, einnig með innbyggðum grammofón og/eða

útvarpsviðtæki 100%

85.15.20 Útvarpsviðtæki, einnig með innbyggðum grammofón 100%

2. gr.

Við 3. gr. tollskrárlaganna bætist nýr töluliður, er orðist svo:

47. Að ákveða, að verja megí allt að 8% af tolltekjum þeim, er innheimtar verða af innflutningi, er fellur undir tollskrárn. 85.15.20, til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.